

**Sp.**

**521. Nefndarálit**

**[25. mál]**

um till. til þál. um afnám vínveitinga á kostnað ríkisins.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. 1. minni hl. (PO, HÁ, LJós og ÁS) vill láta samþykkja tillöguna óbreytta. Á þetta gat 2. minni hl. ekki fallizt. Svo lengi sem það er talið nauðsynlegt, að ríkið haldi uppi veizlum eða risnu, verður varla annað talið sæmandi en að það sé jafnan á valdi ríkisstjórnarinnar eða þeirra annarra aðila, sem veizlur halda i umboði hennar eða ríkisins, hvaða tegundir af mat og drykk eru framreiddar á hverjum tíma, og óeðlilegt, að Alþingi hafi þar nokkur afskipti af. Vitað er, að einstakir aðilar, m. a. forsætisráðherrar, hafa haldið uppi veizlum með mikilli rausn og miklum sóma án vínveitinga, aðrir hafa hins vegar ekki treyst sér til þess. Fer þetta að sjálfsögðu eftir persónuleik og lífsskoðun viðkomandi aðila. — Með tilvísun til þessa leggjum við til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Einn nefndarmanna (IngJ) tók ekki afstöðu til málsins, og mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni við umræðurnar.

Alþingi, 3. apríl 1949.

Gisli Jónsson,  
form., frsm.

Sigurjón Á. Ólafsson,  
fundaskr.

Sigurður Kristjánsson.

Helgi Jónasson.